



CABAS Parts samningur

milli

CAB Group AB, hér eftir nefnt CAB,
kennitala 556131-2223, Stortorget 11, 702 11 Örebro

og

Nafn fyrirtækis: _____

Kennitala: _____

Í textanum fyrir neðan er vísað til fyrirtækisins sem „leyfishafinn“

Bakgrunnur

- CAB Group AB, 556131-2223 („CAB“), hefur þróað reiknikerfi með gagnagrunni til útreikninga á tjónaviðgerðum á bifreiðum, flutningabifreiðum, léttum vörubifreiðum, þungum vörubifreiðum, rútum, kerrum og dráttarvélum. Kerfið kallast CABAS og er notað á tjónaverkstæðum. CAB hefur þróað CABAS Parts til þess að verkstæði og leyfishafinn geti átt í samskiptum. Megintilgangur CABAS Parts er að auðvelda notendum að leita að varahlutum og að uppfæra útreikninga CABAS með varahlutum. Samskiptin fara fram annaðhvort milli kerfis leyfishafans og CABAS eða milli CABAS og CABAS Parts-þjóns sem settur er upp staðbundið hjá leyfishafanum.

- Á þessum grunni gera samstarfsaðilarnir með sér eftirfarandi samkomulag um notkun CABAS Parts.

§ 1 Skilgreiningar á kerfinu

CABAS Parts gerir leyfishafanum kleift að taka við fyrirspurnum/pöntunum á varahlutum frá CABAS-kerfi verkstæðisins og senda svar (tilboð eða staðfestingu) við varahlutafyrirspurnum/-pöntunum sem sendar eru úr CABAS-kerfi verkstæðisins.

§ 2 Umfang leyfisveitingar

CAB veitir leyfishafanum hér með réttinn til að nýta skilmála þessa samnings fyrir gildandi sænska útgáfu CABAS Parts á hverjum tíma.

Leyfisveitingin nær einnig yfir nýjar útgáfur, aðrar uppfærslur og allar framtíðarbreytingar á CABAS Parts og aðra þætti sem CAB gefur leyfi fyrir, framleiðir og dreifir samkvæmt samningi þessum.

§ 3 Afhending

Leyfishafinn hefur aðgang að CABAS Parts á internetinu í gegnum kerfi sitt eða biðlaraforrit sem sett er upp á tölvu leyfishafans. Uppfærslur á CABAS Parts eru settar upp sjálfkrafa hjá leyfishafanum án kvaðninga.

§ 4 Viðhald og þróun

Viðhald á gagnagrunnum og kerfum er varða CABAS Parts eru í höndum CAB og fara fram jafnóðum á þann hátt sem CAB metur að eigi best við.

Fyrirhuguð verk sem ekki eru aðkallandi er varða viðhald, þjónustu og þróun skulu fara fram innan þess tíma sem gefinn er upp á vefsvæði CAB og skal tilkynnt um þau þar með viku fyrirvara. Enn fremur er CABAS Parts stöðugt uppfært með nýjum útgáfum af CABAS Parts, og umfang þeirra og tíðni fer eftir því sem CAB telur eiga best við. Ekki er greitt viðbótargjald fyrir viðgerða- og þróunarvinnu.

§ 5 Aðgangur

5.1 CABAS Parts er aðgengilegt á leyfistímabilinu og að öðru leyti eins og fram kemur í skilmálum þessa samnings, á þeim tíma sem fram kemur á vefsvæði CAB á hverjum tíma; þó getur komið fyrir að aðgangur að CABAS Parts skerðist eða detti út tímabundið, hvort sem um er að ræða aðgang að kerfinu í heild eða að tilteknum hlutum þess, jafnvel á tímum þegar tilgreint hefur verið að kerfið sé aðgengilegt, vegna áriðandi viðgerða/þjónustu, sem og vegna aðstæðna sem CAB hefur ekki stjórn á (s.s. fjarskiptatruflana eða í ytri kerfum sem tengjast CABAS Parts).

5.2 Leyfishafinn ber fyrir sitt leyti ábyrgð á að tenging haldist við CABAS Parts.

5.3 Leyfishafanum er ljóst að gögn kunna að glatast við notkun CABAS Parts ef tengingin við CABAS Parts rofnar, s.s. vegna vinnu við viðgerðir, viðhald og umbætur.

§ 6 Leyfisgjald

6.1 Leyfisgjald er upphæðin sem fram kemur á gildandi verðskrá CAB á hverjum tíma. Leyfisgjaldið er uppfært árlega í samræmi við „Tidsserie AKI för tjänstemän preliminära siffror“ frá SCB, SNI=J (gagna- og samskiptafyrirtæki) með júlí sem grunnmánuð.

Breyting á leyfisgjaldi skal, nema annað sé tekið fram í þessum samningi, eiga sér stað 1. janúar ár hvert og tilkynnt að minnsta kosti 45 dögum áður.

6.2 Leyfisgjaldið kemur til greiðslu þrjátíu (30) dögum eftir dagsetningu reikningsins. Ef greiðslan dregst leggjast á hana dráttarvextir í samræmi við sænsk lög um dráttarvexti (1975:635). Ef greiðsla dregst hefur CAB rétt á lögboðinni uppbót vegna greiðsluáminninga.

6.3 Ef þriðji aðili sem á hugbúnað sem fylgir með CABAS Parts (vara þriðja aðila) fer fram á leyfisgreiðslu frá CAB í



fram tíðinni eða hækkar greiðslu sína hefur CAB rétt á að innheimta greiðslu frá leyfishafanum á yfirstandandi greiðslutímabili, að fengnu samþykki hjá leyfishafanum. Ef þriðji aðili krefst greiðslu beint frá viðskiptavini/leyfishafa skal þetta ekki hafa áhrif á greiðslu leyfishafans til CAB vegna leyfisveitingarinnar.

§ 7 Vélbúnaður, uppsetning o.fl.

7.1 Notkun á CABAS Parts krefst nettengingar og tilskilins vélbúnaðar og hugbúnaðar. Það er á ábyrgð leyfishafa að afla, setja upp og greiða fyrir nauðsynlegan vélbúnað og stýrikerfi og nauðsynlega internettengingu og útvega hugsanlegan hugbúnað og leyfi til notkunar á vörum þriðja aðila til fjarskipta o.s.frv., til þess að geta tengst og notað CABAS Parts. Ráðleggingar CAB hvað búnað varðar er að finna á vefsvæði CAB. Leyfishafinn sér einnig um að tryggja samhæfi CABAS Parts og tölvukerfis/vélbúnaðar leyfishafans. CAB veitir ráðgjöf um val á vélbúnaði endurgjaldslaust ef óskað er eftir því.

§ 8 Takmarkanir á leyfisrétti

Leyfisrétturinn takmarkast við rekstur leyfishafans á Íslandi og hvert leyfi nær yfir eina starfsstöð. Með starfsstöð er átt við einingu þar sem fyrirtæki er með rekstur og/eða þar sem send eru út svör við fyrirspurnum verkstæðis um varahluti. Á hverri starfsstöð skal leyfishafinn tilnefna kerfisstjóra („kerfisstjórninn“) og tilkynna CAB hver hann er.

Leyfishafinn hefur rétt á að tengja ótakmarkaðan fjölda notenda við CABAS Parts, í gegnum kerfisstjórnann, á þeirri starfsstöð sem leyfið gildir um. Það er á ábyrgð leyfishafa að tryggja að kerfisstjórninni tengi eingöngu einstaklinga sem þurfa að nota CABAS Parts í starfi sínu innan fyrirtækis leyfishafans.

Leyfishafinn hefur eingöngu rétt á að nota CABAS Parts í gegnum þau forrit eða það viðmót sem CAB hefur samþykkt eða útvegað.

Leyfishafinn má ekki framselja leyfisréttinn, gera nokkurs konar samning um að veita öðrum leyfisréttinn, gefa frá sér leyfisréttinn eða á annan hátt gera leyfisréttinn aðgengilegan þriðja aðila.

Enn fremur er leyfishafanum óheimill aðgangur að kóða biðlarans og að nýta sér á þann hátt upplýsingar um uppbyggingu CABAS Parts.

Leyfishafinn má ekki heldur leigja, lána eða láta af hendi CABAS Parts eða leyfa þriðja aðila á annan hátt að nota forrit eða gagnagrunna sem CAB dreifir til hans; að teknu tilliti til upplýsingagjafar í samræmi við § 14. Af þessu leiðir að leyfishafinn skal sjá til þess að allir notendur skuldbindi sig til að gera aðgangsorð sín ekki aðgengileg óviðkomandi aðilum, þ.m.t. við sendingar til annarra en CAB eða kerfisstjórnans, og að upplýsingar um aðgangsorð séu geymdar þar sem óviðkomandi aðilar komast ekki í þær. Leyfishafinn skal einnig tryggja að kerfisstjórnin varðveiti aðgangsorð sitt sérlega vel.

Leyfishafinn má ekki, óháð nokkrum skilyrðum, skilmálum eða greiðslum, gefa upp aðrar upplýsingar úr gagnagrunnum/kerfunum til nokkurs aðila sem ekki er með CABAS Parts leyfi. Viðskiptavinir/undirverktakar leyfishafans þurfa þó ekki að vera með leyfi frá CABAS Parts til að geta tekið á móti upplýsingum úr gagnagrunnum/kerfunum.

§ 9 Höfundarréttur o.fl.

Allur höfundarréttur og önnur réttindi er varða CABAS Parts, þ.m.t. gagnagrunnar og forrit, eru að fullu í eigu CAB. Öll afritun eða birting afrita af CABAS Parts og meðfylgjandi gagnagrunnum með vendsmiði („reverse engineering“) er stranglega bönnuð. Leyfishafinn skuldbindur sig enn fremur til að breyta ekki eða bæta neinu við vörurnar sem hann fær frá CAB, án skriflegs leyfis frá CAB.

Í því skyni að koma í veg fyrir óleyfilega notkun CABAS Parts skuldbindur leyfishafi sig til að tryggja að óviðkomandi fái ekki aðgang að CABAS Parts. Framangreind ákvæði ná ekki til gagna sem tilheyra leyfishafanum.

§ 10 Brot á hugverkarétti

Leyfishafinn skal upplýsa CAB um öll brot eða grun um brot á hugverkarétti sem þessi samningur nær yfir, um leið og leyfishafinn verður þess var. Aðilarnir skulu hafa samráð sín á milli um hvernig bregðast skuli við slíku broti. Komist aðilarnir ekki að samkomulagi um það áskilur CAB sér rétt til að taka ákvörðun um hvaða aðgerða skal grípa til varðandi brotið eða þann sem framdi eða olli brotinu.

§ 11 Ábyrgð CAB vegna galla

CAB er annt um að viðhalda miklu öryggi í starfsemi sinni; nánari útfærslu og upplýsingar þar að lútandi er að finna í gögnum CAB um öryggismál sem finna má á vefsvæði CAB.

11.1 CABAS Parts hefur verið þróað með hliðsjón af þeirri þekkingu og reynslu sem býr innan CAB. Líkt og gildir um aðrar hugbúnaðarveitur getur CAB þó ekki tryggt að kerfið sé með öllu laust við villur og galla, og samþykkir leyfishafinn það.

Enn fremur getur CAB, með hliðsjón af því öryggi sem almennt gildir um gagnasamskipti á netinu, einungis ábyrgt að gögnum sem flutt eru milli leyfishafans og CABAS eða sem vistuð eru í CABAS eða meðhöndluð á annan hátt í CABAS sé ekki eytt, þau verði ekki fyrir skaða eða verði óaðgengileg þriðja aðila að því gefnu að gögnin hverfi ekki, skaðist eða verði aðgengileg gegnum eða vegna utanaðkomandi aðgerða eða aðstæðna sem CAB hefur ekki stjórn á.

Ábyrgð CAB á villum og göllum er, þegar tekið er mið af framangreindu, takmörkuð við það sem fram kemur í þessari efnisgrein, sem er eina ákvæðið um ábyrgð CAB hvað þetta varðar.

11.2 CABAS Parts er sett fram og hýst á þjóni í samræmi við það sem fram kemur í þessum samningi og CABAS Parts virkar á þeim stýrikerfum sem fram koma á vefsvæði CAB á hverjum tíma. Tilkynna skal um allar breytingar hvað þetta varðar að minnsta kosti níutíu (90) dögum áður en breytingin tekur gildi.

Ábyrgð CAB og einu skaðabætur leyfishafans ef upp koma villur eða gallar eru i) viðgerð villunnar eða gallans eða, ef bilunin er alvarleg, ii) endurgreiðsla sanngjarns hluta leyfisgjaldsins í samræmi við 6.1 a) hér að framan, með hliðsjón af umfangi bilunarinnar og áhrifum hennar á notkun leyfishafans á CABAS Parts, þó að hámarki andvirði fasts leyfisgjalds sem leyfishafinn greiddi þrjá (3) undangengna mánuði, eða, ef aðeins er greitt breytilegt



leyfisgjald, andvirði leyfisgjaldsins sem greitt var fyrir notkun þjónustunnar þar sem bilunin kom upp. Að undanskilinni þeirri ábyrgð CAB sem lýst er í fyrstu efnisgreininni skulu bilanir sem tilkynnt er um tímanlega, varahlutanúmer eða verð leiðréttast af CAB í tengslum við viðgerða- og þróunarvinnu, að því marki sem CAB telur viðeigandi. Slíkar skyldur gilda þó ekki ef CAB er háð þriðja aðila um aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til þess að geta gert umrædda leiðréttingu, en sá þriðji aðili neitar CAB um aðgang.

Ef upp koma alvarlegar villur í gagnagrunnum CAB skal CAB tilkynna leyfishafanum um það tafarlaust eftir að upp um þær kemst.

11.3 Hvað varðar hugsanlegar uppsetningar netkerfa ábyrgist CAB ekki á nokkurn hátt virkni netkerfishugbúnaðarins.

11.4. CAB er á engan hátt, nema CAB gerist uppvíst að vanrækslu, ábyrgt fyrir gæðum eða réttleika gagna eða gagnaniðurstaðna sem flutt hafa verið í, bætt við eða vistuð í CABAS Parts af öðrum en CAB. CAB er ábyrgt fyrir því að vistuðum gögnum sé ekki eytt, þau skemmist, glatist eða að óviðkomandi aðilar fái aðgang að þeim, eingöngu ef gögnin hurfu ekki, skemmdust, glötuðust eða voru opnuð vegna utanaðkomandi aðgerða eða aðstæðna sem CAB hefur ekki stjórn á. CAB er ekki heldur á nokkurn hátt ábyrgt fyrir sendingu gagna milli leyfishafans og CABAS Parts.

11.5 CAB er ekki ábyrgt fyrir villum eða þjónustutruflunum sem orsakast af

- rangri notkun á CABAS Parts;
- breytingum eða röskunum á búnaði eða forritum eða annarri notkun sem brytur í bága við leiðbeiningar CAB;
- notkun á eða villum í búnaði á vegum viðskiptavinarins;
- vandamálum af völdum tölvuumhverfis leyfishafans eða aðstæðna sem CAB hefur ekki stjórn á;
- rangri meðferð leyfishafans;
- árásam vírusa eða tölvuþrjóta;
- aðgerðum þriðja aðila sem CAB hefur ekki stjórn á.

11.6 Umfram það sem fram kemur í 5 § ábyrgist CAB ekki aðgengi að CABAS eða eiginleikum þess.

11.7 Umfram það sem fram kemur frammar í þessari efnisgrein ábyrgist CAB ekki notkun CABAS Parts og ekkert í þessum samningi eða annað sem aðilarnir kunna að hafa sammælt um skal túlkað sem útvíkkun á ábyrgð CAB hvað varðar hugbúnað, gagnagrunna eða CABAS Parts að öðru leyti, nema aðilarnir hafi gert með sér skriflegan samning um annað, undirritaðan af báðum aðilum.

§ 12 Nánari skilgreining á takmörkun ábyrgðar

Öll notkun CABAS er á eigin ábyrgð leyfishafans. Því skal leyfishafinn tryggja að öll notkun CABAS Parts sé fagleg og hafa tilhlýðilegt eftirlit með meðhöndlun niðurstaðna og útreikninga.

CAB er einungis ábyrgt fyrir beinum skaða upp að því marki og upp að þeim fjárhæðum sem fram koma í samningi þessum. Hvorki CAB né nokkur annar sem þátt tók í þróun, framleiðslu eða afhendingu vörunnar, nema annað komi skýrt fram í samningi þessum, skal teljast ábyrgur fyrir nokkurs konar óbeinu, skyndilegu eða ófyrirsjáanlegu tjóni (þ.m.t. en ekki eingöngu tjóni vegna

tekjumissis, rekstrartruflana eða glataðra viðskiptaupplýsinga) sem verður vegna notkunar á CABAS Parts eða á annan hátt, jafnvel þótt CAB sé látið vita af möguleikanum á slíku tjóni eða tjóni sem orðið hefur. CAB afsalar sér allri ábyrgð á því ef CABAS Parts stenst af einhverjum ástæðum ekki væntingar leyfishafans um kerfið, eða ef ekki er hægt að nota CABAS Parts eins og til er ætlast vegna aðstæðna leyfishafans.

§ 13 Meðhöndlun persónuupplýsinga

13.1 Ef leyfishafinn hefur með höndum persónuupplýsingar við notkun sína á CABAS Parts ber leyfishafinn ábyrgð á allri meðhöndlun persónuupplýsinga við notkun CABAS í samræmi við lög um persónuvernd, að undanskilinni meðhöndlun sem tiltekin er í 14.2. Í þessu felst að leyfishafanum ber að virða ákvæði laga um persónuupplýsingar hvað varðar upplýsingar til þess skráða, öflun samþykkis og tilkynningaskyldu o.s.frv. Innan ramma þessarar meðferðar persónuupplýsinga geta verkstæðin aflað upplýsinga frá tryggingafélögum og viðskiptavinum þeirra um skráningarnúmer ökutækja þeirra. Hvað þessa meðhöndlun persónuupplýsinga varðar tekur CAB að sér, í gegnum fulltrúa á sviði persónuupplýsinga, að afla upplýsinga frá tryggingafélögum og meðhöndla persónuupplýsingar í samræmi við þennan samning og leiðbeiningar leyfishafans.

CAB skal grípa til ráðstafana sem fram koma í fyrstu efnisgrein 31 § í sænskum lögum um persónuupplýsingar, sem felur í sér að CAB skal grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda þær persónuupplýsingar sem meðhöndlaðar eru á vegum leyfishafans. CAB tekur að sér, í samræmi við leiðbeiningar leyfishafans hvað þetta varðar, að grípa til slíkra viðeigandi og sanngjarnra ráðstafana. CAB skal vera reiðubúin að fylgja úrskurði persónuverndaryfirvalda um úrræði til að uppfylla öryggiskröfur laganna. CAB skal einnig leyfa eftirlit sem persónuverndaryfirvöld kunna að fara fram á til að tryggja rétta meðhöndlun persónuupplýsinga. Leyfishafinn má ekki kalla CAB til ábyrgðar ef CAB verður fyrir tjóni vegna meðhöndlunar CAB á persónuupplýsingum í samræmi við leiðbeiningar frá leyfishafanum eða þennan samning. CAB má ekki kalla leyfishafann til ábyrgðar ef leyfishafinn verður fyrir tjóni sem rekja má til meðhöndlunar CAB á persónuupplýsingum sem brjóta í bága við leiðbeiningar frá leyfishafanum eða þennan samning.

13.2 Skaðabótaábyrgð aðila samkvæmt þessari efnisgrein takmarkast, þrátt fyrir það sem fram kemur í 12 §, við beint tjón.

§ 14 Trúnaður

14.1 Báðir aðilar skuldbinda sig til frambúðar til að ljóstra ekki upp við þriðja aðila trúnaðarupplýsingum sem aðilarnir hafa undir höndum eða hafa haft aðgang að í tengslum við CABAS Parts. Þessi trúnaður skal þó ekki hindra aðila í að vinna með umrædda útreikninga í eðlilegri viðskiptastarfsemi, takmarka rétt hans til að veita upplýsingar úr umræddum útreikningum til annars leyfishafa CABAS Parts eða takmarka rétt CAB til að nýta gögn í samræmi við 14.2.

Til trúnaðarupplýsinga teljast samkvæmt samningi



Heiti skjals
CABAS Parts samningur

Þessum allar upplýsingar, tæknilegar, markaðstengdar eða annars eðlis, óháð því hvort þær eru skráðar niður eða ekki, svo sem innskráningarupplýsingar leyfishafans, fyrir utan upplýsingar sem almennt eru þekktar eða ljóstrað er upp um með öðrum hætti en með broti af hálfu leyfisveitandans á ákvæðum þessa samnings. Leyfishafinn skuldbindur sig til að sjá til þess að starfsmenn leyfishafa ljóstri ekki upp um trúnaðarupplýsingar við óviðkomandi. Það er því á ábyrgð leyfishafa að sjá til þess að starfsmenn sem kunna að hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum séu skuldbundnir til þagmælsku um upplýsingarnar rétt eins og leyfishafinn sjálfur, samkvæmt þessum samningi.

14.2 CAB er heimilt að vinna með gögn sem flutt eru og geymd í eða á annan hátt meðhöndluð í CABAS Parts til hugbúnaðarþróunar og til bilanagreiningar á vörinni.

14.3 Aðili sem brýtur gegn ákvæðunum í § 14 skal, fyrir hvert slíkt trúnaðarbrot, greiða sekt sem samsvarar 5% af ársveltu brotlega aðilans samkvæmt síðasta ársreikningi hans fyrir trúnaðarbrotið, þó að lágmarki upphæð sem samsvarar 5 x grunnverðinu og að hámarki 50 x grunnverðinu það ár sem trúnaðarbrotið átti sér stað.

§ 15 Samningstími

15.1 Þessi samningur gildir frá því hann er samþykktur og til og með síðasta degi desembermánaðar sama árs og fellir úr gildi, ef við á, eldri samning milli aðilanna um leyfisrétt á CABAS Parts, en sá samningur hættir að gilda þegar þessi samningur tekur gildi; þó skal val viðskiptavinarins innan ramma slíks samnings hvað varðar CABAS-pakka og möguleg pöntun á viðbótarkerfum og -þjónustu, með þeim eiginleikum sem sérstaklega koma fram í slíkum samningi, segja til um umfang leyfisveitingarinnar samkvæmt § 1 í þessum samningi.

15.2 Þessi samningur gildir frá því hann er samþykktur og til og með síðasta degi desembermánaðar sama árs. Ef hvorugur aðilinn segir þessum samningi upp einum (1) mánuði áður en hann rennur út er hann framlengdur sjálfkrafa um eitt (1) ár með sama uppsagnarfresti.

15.3 CAB getur sagt upp samningi sem tekur gildi við samþykki leyfishafa í gegnum biðlaraforritið sem lýst er í § 3 með eftirfarandi hætti:

- Með rafrænni eða skriflegri tilkynningu
- Með því að bjóða nýjan eða breytan samning sem kemur í stað þessa samnings, í samræmi við uppsagnarfrestinn sem fram kemur í 17.2.

§ 16 Uppsögn samnings

16.1 Hvor aðili um sig getur sagt þessum samningi upp og tekur uppsögnin strax gildi

- ef annar aðilinn vanrækir skyldur sínar samkvæmt samningnum verulega og bætir ekki úr því innan þrjátíu (30) daga eftir skriflega ábendingu þar að lútandi;
- ef leyfishafinn er í ítrekuðum vanskilum með þau gjöld sem kveðið er á um í samningi þessum, jafnvel þótt hver vanskil fyrir sig teljist ekki samningsbrot eins og lýst er í a) hér að framan; eða
- ef annar aðilinn verður gjaldþrota, gengst undir nauðasamningsumleitani eða endurskipulagningarferli eða skiptameðferð, eða telst á annan hátt vera gjaldþrota.

16.2 CAB hefur, til viðbótar við það sem fram kemur í 16.1, rétt til að loka á að notendur geti svarað fyrirspurnum í kerfinu ef greiðsla leyfisgjalds leyfishafans fyrir CABAS Parts er í vanskilum eða vegna annars samningsbrots af hálfu leyfishafans, á tímabilinu frá því töfin kom fram og þar til leiðrétting hefur átt sér stað. Í þeim tilvikum þar sem vanskil eru ástæðan fyrir riftun samnings hefur CAB rétt til að krefjast þess að leyfishafinn greiði, umfram upphæðina sem er í vanskilum, fast árlegt leyfisgjald fyrir næsta ár, áður en innskráningarupplýsingar eru afhentar. Áður en samningnum er rift skal CAB tilkynna leyfishafanum um það til þess að gefa honum hæfilegt ráðrúm til að vista unnin tilboð/pantanir í gegnum viðmót CAB og með eigin leiðum; umfram þetta svigrúm til notkunar á viðmóti CAB ber CAB ekki skylda til að aðstoða leyfishafann við þetta ferli.

16.3 Óháð því hvort samningnum er sagt upp eða ekki skal viðkomandi aðili bæta upp tjón sem til kemur vegna samningsbrots, þó með þeim takmörkunum sem samningur þessi kveður á um.

§ 17 Afleiðingar af uppsögn samningsins

Þegar samningnum er sagt upp skal leyfishafinn tafarlaust hætta notkun CABAS Parts. Í þeim tilvikum þar sem gögn sem innihalda trúnaðarupplýsingar hafa verið send til samningsaðila á samningstímanum skal efninu eða gögnunum skilað til mótaðilans tafarlaust þegar samningnum er sagt upp.

§ 18 Breytingar

Nýr samningur sem kemur í stað þessa samnings, s.s. samningur um breytingar á þessum samningi, tekur gildi við samþykki leyfishafa á nýjum samningi frá CAB eða breyttum samningi í biðlaraforritinu sem lýst er í § 3.

§ 19 Óviðráðanlegar aðstæður

Aðilar eru undanþegnir refsingu ef þeir uppfylla ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum ef vanrækslan er rakin til aðstæðna sem aðilinn hefur ekki stjórn á og sem koma í veg fyrir að hann geti sinnt skyldum sínum. Um leið og hindrunin er úr vegi skal uppfylla skyldurnar eins og um er samið. Slíkar óviðráðanlegar aðstæður eru stríð, hernaðaraðgerðir, aðgerðir eða vanræksla stjórnvalda, ný eða breytt löggjöf, raskanir á vinnumarkaði, náttúruhamfarir, aðgerðir eða vanræksla þriðja aðila eða aðrar raskanir sem rekja má til þriðja aðila, þ.m.t. en ekki eingöngu raskanir á orkuveitu, fjarskiptatruflanir eða aðrar truflanir sem tengjast aðgengi að internetinu vegna árásar vírusa eða tölvuþrjóta eða annað slíkt, eða aðrar sambærilegar aðstæður.

Aðili sem óskar eftir undanþágu með hliðsjón af framangreindri efnisgrein skal tilkynna hinum aðilanum um það tafarlaust.

Þrátt fyrir framangreint ákvæði um undanþágu frá refsingu hafa aðilar rétt til að segja samningnum upp fyrirvalaust ef tilteknum skyldum er ekki sinnt í meira en þrjá mánuði.



§ 20 Úrlausn ágreiningsmála

Ágreiningsmálum um túlkun og beitingu þessa samnings sem aðilarnir geta ekki leyst sín á milli skal vísað til sáttfundar í samræmi við reglur verslunarráðs Mälardalen um sættir; náist ekki lausn í málinu með slíkum fundi skal það leyst fyrir sænskum dómstólum með hliðsjón af sænskum lögum. Dómstóll á fyrsta dómstigi skal vera héraðsdómur Örebro.

Samningur þessi er undirritaður í tveimur samhljóða eintökum sem hvor aðili hefur fengið.

Staður og dagsetning
CAB Group AB

Staður og dagsetning

.....
Peter Afzelius, VD

.....
.....

Upplýsingar til CAB (áskildar upplýsingar):

Fyrirtækjaheitið sem birtast á í CABAS-kerfi verkstæðisins:

Kerfisstjóri CABAS Parts:

Nafn:

Sími:

Netfang:

Heimilisfang fyrirtækis:

Gata:

Póstnúmer:

Staður: